

STJÓRNARTÍÐINDI B 72 – 1995

12. júlí 1995

1009

Nr. 412

SKIPULAGSSKRÁ

**Vísinda- og tækjakaupasjóðs Rannsóknarstofu í
meltingarsjúkdómum, Lyflækningadeild Landspítalans.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir Vísinda- og tækjakaupasjóður Rannsóknarstofu í meltingarsjúkdómum, Lyflækningadeild Landspítala. Hann var stofnaður með skipulagsskrá staðfestri af dómsmálaráðherra 29. desember 1993. Heimili og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru:

Bjarni Þjóðleifsson, kt. 290139-3849, yfirlæknir.

Einar Oddsson, kt. 301243-3599, sérfræðingur.

Hallgrímur Guðjónsson, 130552-3239, sérfræðingur.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er 427.000 kr. og má ekki skerða það.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skulu skipa 3 menn:

- 1) Yfirlæknir Rannsóknarstofu í meltingarsjúkdómum og skal hann vera formaður.
- 2) Framkvæmdastjóri stjórnumarsviðs ríkisspítala eða sá sem gegnir samsvarandi stöðu verði sú staða lögð niður.
- 3) Sérfræðingur starfandi á Rannsóknarstofu í meltingarsjúkdómum, valinn af öðrum stjórnarmönnum til eins árs í senn. Meðan Einar Oddsson og Hallgrímur Guðjónsson starfa sem sérfræðingar á rannsóknarstofunni skulu þeir skipa sæti sérfræðings í stjórninni á víxl eitt ár í senn.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla rannsóknir á sviði meltingarsjúkdóma annaðhvort með verkefnum, sem unnin eru á vegum sjóðsins eða með tækjakaupum, rannsóknarstyrkjum, ferðastyrkjum og endurmenntun starfsfólks. Ennfremur skal heimilt að greiða starfsfólki umbun fyrir aðstoð við rannsóknarvinnu og vel unnin störf.

6. gr.

Tekjur sjóðsins skulu vera:

- 1) Tekjur af starfsemi á Rannsóknarstofu í meltingarsjúkdómum aðrar en þær sem koma frá sjúklingum og Tryggingastofnun ríkisins.
- 2) Styrkur til stofnenda eða til Rannsóknarstofu í meltingarsjúkdómum.
- 3) Vextir af inneign í sjóðnum.
- 4) Hluti aðstöðugjalds sérfræðinga sem starfa á Rannsóknarstofu í meltingarsjúkdómum.

7. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður á hvern hátt hann skuli ávaxtaður og hvernig fé hans er varið í samræmi við 3. gr. Ráðstöfun fjármuna úr sjóðnum skal háð eftirliti og samþykki sjóðstjórnar. Fjármunir sem greiðast í sjóðinn samkvæmt 6. gr. 4. lið skulu lagðir á sérstakan reikning með sérstöku reikningshaldi.

8. gr.

Sjóðstjórn skal halda fundagerðabók um ákvarðanir sínar og um hvaðeina er varðar rekstur sjóðsins. Stjórnunarkostnaður greiðist af tekjum sjóðsins. Einfaldur meirihluti stjórnar ræður ákvörðunum þó sbr. ákvæði 9. gr.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningsskilum skal lokið fyrir 1. júlí næsta ár á eftir reikningsári. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

10. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna. Slíkar breytingar skulu hljóta samþykki dómsmálaráðuneytis.

Engin breyting fær þó gildi nema stjórnin sé einhuga um hana. Aldrei má breyta ákvæðum 3. gr. um tilgang sjóðsins né heldur ákvæðum 11. gr. um ráðstöfun eigna við sjóðslit.

11. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður, skulu eignir hans renna til tækjakaupa eða rannsóknarstarfsemi samkvæmt ákvörðun sjóðstjórnar.

12. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari sem kemur í stað skipulagsskrár fyrir sjóðinn sem staðfest var 29. desember 1993 og fellur jafnframt úr gildi.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 12. júlí 1995.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.